

**Nd.**

**112. Frumvarp til laga**

[84. mál]

um breyting á lögum nr. 45 3. apríl 1963, um Iðnlánasjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966.)

**1. gr.**

6. gr. laganna orðist þannig:

Heimilt er Iðnlánasjóði, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka allt að 300 milljón króna lán, eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, ef árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins nægir ekki til, að hann geti á viðunandi hátt gegnt hlutverki sínu.

Iðnlánasjóði er jafnframt heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka allt að 100 milljón króna lán til þess að mynda nýjan lánaflokk í því skyni að veita sérstök hagræðingarlán til viðbótar almennum lánnum, er að mati sjóðsstjórnarinnar teldust stuðla verulega að því að auka framleiðni og bæta aðstöðu iðnfyrirtækis til þess að aðlaga sig nýjum viðhorfum vegna breyttra viðskipta-hátta, svo sem tollabreytinga og friverzlunar. Mega lán þessi vera með betri kjörum en lán sjóðsins almennt, svo sem lægri vöxtum, lengri lánstíma eða afborgana-laus fyrst í stað, allt eftir því sem nánar yrði ákveðið í reglugerð.

Ef Iðnlánasjóður býður út almennt skuldabréfalán samkvæmt þessari grein, mega skuldabréfin, svo og vextir af þeim, vera undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 55 17. júlí 1964, um tekjuskatt og eignarskatt.

Eigi er Iðnlánasjóði heimilt að endurlána erlent lánsfé, nema með gengis-ákvæði.

Pegar um lántökur til almennrar starfsemi sjóðsins er að ræða, skal þó heimilt að skipta gengisáhættu hlutfallslega á ákveðna flokka útlána, enda sé lánsféð þá endurlánað með almennum útlánsvöxtum Iðnlánasjóðs.

Pegar Iðnlánasjóður tekur erlend lán, sem bundin eru við endurlán til tiltekinna framkvæmda, skal féð endurlánað með gengisákvæði og hæfilegum vaxta-mismun og kostnaði til Iðnlánasjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

3. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra og meginmál 1. og 3. gr. laga nr. 25 22. apríl 1966 inn í lög nr. 45 3. apríl 1963, um Iðnlánasjóð, og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þegar samþykktar voru á síðasta þingi breytingar á lögum nr. 45 3. apríl 1963, um Iðnlánasjóð, var meginefni þeirra, að Iðnlánasjóði væri heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka allt að 100 milljón króna lán til þess að mynda nýjan lánaflökk í því skyni að veita sérstök hagræðingarlán, til viðbótar almennum lánnum, er að mati sjóðsstjórnarinnar teldust stuðla verulega að því að auka framleiðni og bæta aðstöðu iðnfyrirtækja til þess að aðlaga sig nýjum viðhorfum vegna breyttra viðskiptahátta, svo sem tollabreytinga og friverzlunar.

Reglugerð um hagræðingarlán Iðnlánasjóðs var gefin út hinn 7. júlí 1966.

Ríkisstjórnin samþykkti í september s. l., að Iðnlánasjóði væri heimilt að hefja þegar á þessu hausti lánsfjáröflun, þar sem mikilvægt væri, að lánveitingar úr hinum nýja flokki hagræðingarlána gætu hafizt sem fyrst. Í samráði við Seðlabankann var talið rétt, að Iðnlánasjóður reyndi að afla í fyrsta áfanga allt að 25 millj. kr., með því að bjóða út almennt skuldabréfalán. Hefur það mál nú verið undirbúið. En til þess að gera skuldabréfin útgengilegri var talið rétt, að þau og vextir af þeim væru undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu, á sama hátt og sparifé, skv. 21. gr. laga nr. 55 17. júlí 1964, um tekjuskatt og eignarskatt. Til þessa þurfti að afla sérstakrar lagaheimildar, og er það meginefni frumvarps þessa.

Hentast þótti að hafa breytinguna í formi þess, að umorðuð væri 6. gr. iðnlánasjóðslaganna frá 1963 og felst breytingin um skattfrelsi skuldabréfa í 3. mgr.

Samtímis þykir rétt að hækka hina almennu lántökuheimild Iðnlánasjóðs, sbr. 1. mgr., upp í 300 millj. kr.

Með breytingu á lögnum á síðasta Alþingi var þessi lántökuheimild hækkuð úr 100 millj. kr. í 150 millj. kr. En segja má, að þá hafi láðst að taka tillit til þeirra breytinga, sem verða nú unnið áramótin, þegar Framkvæmdabanki Íslands hættir störfum, en Framkvæmdasjóður Íslands tekur við verkefnum hans. Hefur þá jafnan verið ráðgert, að lánveitingar til Iðnlánasjóðs frá Framkvæmdasjóði mundu koma til viðbótar fyrri lántökum sjóðsins, eða ákvarðast með hliðsjón af lánveitingum Framkvæmdabankans til einstakra iðnfyrirtækja á síðastliðnum árum. Var að vísu gerð grein fyrir þessu í greinargerð frumvarps til laga um breyting á iðnlánasjóðslögnum frá síðasta Alþingi, en þá hefði þurft að miða hina almennu lántökuheimild við hin breyttu viðhorf, sem nú koma til framkvæmda um næstu áramót.